



22. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar Miðvikudaginn 21. mars 2007, kl. 16:15

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Erindi frá Foreldrafélagi Grunnskólans á Blönduósi v. lækkunar á matarskatti.
2. Erindi frá FMR vegna endurskoðun fasteignamats.
3. Þjónustusamningur við Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi.
4. Lagt fram til kynningar:
 - a. Ársreikningar Blönduóskirkju.
 - b. Fundargerð Norðurár bs.
 - c. Boð á aðalfund Veiðifélags Blöndu og Svartár og Veiðibótasjóðsins Blendings.
 - d. Boðsbref á afmæli Nokia, vinabæjar Blönduóssbæjar.
 - e. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga:
 - Boð á Landsþing
 - Boð á stofn- og ársfund Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
5. Athugasemdir við álagningu gjalda:
 - a. Bæjarblómið.
 - b. Björgunarfélagið Blanda.
 - c. Sörlaskjól, hesthús.
 - d. Krákur ehf.
 - e. Búrfjöll ehf.
 - f. Lagnaverk ehf.
 - g. Blöndubbyggð 6.
 - h. Móberg, sumarhús.
 - i. Móberg, lögbýli.
 - j. Geitaskarð, sumarhús.
6. Önnur mál.

Afgreiðslur:

Samþykkt var breytingartillaga á dagskrá þar sem erindi barst frá grunnskóla um viðræðufund við bæjarráð vegna viðhalds á sundlaug.

1. Viðhald sundlaugar.

Mættur er Guðmundur Haraldsson starfsmaður til viðræðna um viðhaldspörf gömlu laugar. Fór hann yfir helstu atriði og dreifði gögnum til fundarmanna. Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi kostnaðaráætlanir enda sé kostnaður innan þess ramma sem fram kemur í gögnum.

Vék Guðmundur af fundi af loknum þessum lið.

2. Erindi frá Foreldrafélagi Grunnskólans á Blönduósi v. lækkunar á matarskatti.

Óskað er eftir svari frá Blönduóssbæ varðandi verð á skólamáltíðum m.t.t. hækkunar á verðskrá og lækkunar á virðisaukaskatti.

Jafnframt lagt fram bréf frá Stéttarfélaginu Samstöðu þar sem því er beint til bæjarstjórnar að ákvarðanir verði endurskoðaðar er varða árlega hækkun skólamáltíða hjá grunn- og leiksskólabörnum á skólaárinu.



Bæjarráð vill að fram komi að samkvæmt 4. tölul. 4. gr. laga nr. 50/1988 eru skólamötuneyti undanþegin virðisaukaskatti. Í því felst að ekki ber að innheimta virðisaukaskatt við sölu fæðis til skólanemenda, enda eigi salan sér stað innan vébanda skólans og sem liður í starfi hans. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort skólinn sjálfur er seljandi fæðisins eða sjálfstætt starfandi fyrirtæki á grundvelli samnings við skólann.

Undanþágan tekur hins vegar ekki til aðfanga til rekstrarins. Bæjarráð samþykkir því að skólamáltíðir í leik- og grunnskóla lækki um 7% frá 1. mars sl.

3. Erindi frá FMR vegna endurskoðun fasteignamats.

Svar við bréfi dags. 2. jan. 2007 frá bæjarstjóra, sbr. bókun bæjarráðs liður 9b frá 28. des. sl. Fram kemur að forsendur endurskoðaðs mats á eigninni 213-7267 byggist á skoðun mannvirkja, kaupsamningum, þróun atvinnumála með vísan í reglugerð 406/1978. Lagt fram til kynningar.

4. Þjónustusamningur við Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi.

Um er að ræða endurnýjun á samningi. Bæjarstjóra falið að undirrita samninginn.

5. Lagt fram til kynningar:

a. Ársreikningar Blönduóskirkju.

Vísað er í fundargerð bæjarráðs frá 7. febrúar sl., liður 6. Bæjarráð samþykkir að gerður verði sambærilegur samningur við Blönduóskirkju næstu 2 árin og verið hefur sl. ár. Jafnframt samþykkt að veita 150 þúsund kr. styrk vegna sumaropnunar kirkjunnar 2007.

b. Fundargerð Norðurár bs.

Fundargerðin er frá vinnufundi dags. 15. mars sl. og er lögð fram til kynningar. Jafnframt lagt fram boð á ársfund Norðurár bs. Fundurinn verður haldinn að hótél Varmahlíð þ. 28. mars nk. Bæjarráð sækir fundinn, Héðinn Sigurðsson fari með atkvæði Blönduósbæjar.

c. Boð á aðalfund Veidifélags Blöndu og Svartár og Veidibótasjóðsins Blendings.

Fundurinn verður haldinn í Húnaverí, 24. mars nk. Að honum loknum er haldinn fundur í Veidibótasjóðnum Blendingi. Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson fari með umboð Blönduósbæjar á fundinum.

d. Boðsbréf á afmæli Nokia, vinabæjar Blönduósbæjar.

Í tilefni af 70 ára afmæli Nokia er tveimur fulltrúum boðið á afmælishátíð dagana 25. - 27. júlí 2007. Lagt fram til kynningar.

e. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga:

- Boð á Landsþing

Þingið er haldið í Reykjavík, 23. mars nk. Varafulltrúi á ársfundinn, Jóna Fanney Friðriksdóttir, sækir þingið f.h. sveitarfélagsins.

- Boð á stofn- og ársfund Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Fundurinn er haldinn í framhaldi af landsþingi þann 23. mars nk. Jóna Fanney Friðriksdóttir, sækir fundinn f.h. sveitarfélagsins og undirriti stofnsamning Lánasjóðsins f.h. sveitarfélagsins.



5. Athugasemdir við álagningu gjalda:

a. Bæjarblómið.

Óskað er breytinga á sorpförgunargjöldum 2007 úr flokki C í A. Ákvörðun frestað þar til frestur til athugasemda rennur út, sbr. 3. gr. gjaldskrár fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Blönduósbæ.

b. Björgunarfélagið Blanda.

Óskað er eftir niðurfellingu fasteignagjalda 2007. Bæjarráð samþykkir að veita styrk sem nemur fasteignagjöldum.

c. Sörlaskjól, hesthús.

Óskað er eftir að annað af tveimur sorpförgunargjöldum húsanna verði fellt niður þar sem aðeins um eitt hesthús er að ræða. Bæjarráð ítrekar að um tvo sjálfstæða eignarhluta er að ræða í fasteignamati og hafnar erindinu.

d. Krákur ehf.

Óskað er breytinga á sorpförgunargjöldum 2007 úr flokki F í D. Ákvörðun frestað þar til frestur til athugasemda rennur út, sbr. 3. gr. gjaldskrár fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Blönduósbæ.

e. Búrfjöll ehf.

Óskað er niðurfellinga á sorpförgunargjöldum 2007. Ákvörðun frestað þar til frestur til athugasemda rennur út, sbr. 3. gr. gjaldskrár fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Blönduósbæ.

f. Lagnaverk ehf.

Óskað er breytinga á sorpförgunargjöldum 2007 úr flokki C í B. Ákvörðun frestað þar til frestur til athugasemda rennur út, sbr. 3. gr. gjaldskrár fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Blönduósbæ.

g. Blöndubbyggð 6.

Óskað er eftir niðurfellingu sorpgjalda með þeim rökum að enginn íbúi sé í húsinu. Erindinu er hafnað.

h. Móberg, sumarhús.

Óskað er eftir að rotþróargjald og sorphirðugjöld verði felld niður. Ákvörðun um rotþróargjald frestað til næsta fundar. Bæjarráð bendir á að ekki er um sorphirðugjöld að ræða heldur sorpeyðingargjöld. Erindi um niðurfellingu sorpgjalda hafnað með vísan í 7. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Blönduósbæ.

i. Móberg, lögbýli.

Óskað er eftir að rotþróargjald verði fellt niður. Ákvörðun um rotþróargjald frestað til næsta fundar.

j. Geitaskarð, sumarhús.

Óskað er endurskoðunar álagningar sorpgjalds með þeim rökum að engin þjónusta né aðstaða til að losa sorp sé fyrir hendi. Bæjarráð bendir á að ekki er um sorphirðugjöld að ræða heldur sorpeyðingargjöld. Erindinu er hafnað með vísan í 7. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Blönduósbæ.



6. Önnur mál.

- a. Íbúafundur um sundlaugarmál. *Samþykkt að fundurinn verði haldinn 28. mars nk.*

Fundargerð upplesin og samþykkt.

*Héðinn Sigurðsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)*

*Áheyrnarfulltrúi:
Valdimar Guðmannsson (sign.)*

Fundi slitið kl. 18:20.

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)